



## Nurmi Neo Baklæg göngugrind frá Otto Bock Notendaleiðbeiningar

Vinsamlegast lesið leiðbeiningarnar og hafið samband við Stoð ef spurningar vakna.

Nurmi Neo er baklæg göngugrind fyrir börn. Notandinn hefur því grindina fyrir aftan sig en ekki framan þegar hún er í notkun.


Ábyrgð:

Ábyrgð framleiðanda gildir eingöngu hafi varan verið notuð eins til er ætlast.  
Einungis viðurkenndir þjónustuaðilar Otto Bock mega annast þjónustu og viðhald á göngugrindinni. Hafðu samband við söluaðila ef einhver vandamál gera vart við sig. Við allar viðgerðir munu varahlutir frá Otto Bock einvörðungu verða notaðir.  
Viðurkenndur þjónustuaðili fyrir Otto Bock á Íslandi er Stoð hf.


Ráðleggingar um öryggi:

- Nurmi Neo er tæki til þjálfunar og ætti að notast undir eftirliti. Skiljið börnin aldrei eftir eftirlitslaus.
- Notið tækið aðeins á föstu undirlagi
- Setjist aldrei á handföngin
- Pregar notandi seilist til hluta framan við, til hliðar við eða aftan við grindina þarf hann að vera viss um að halla of langt þannig að grindin missi stöðuleika.
- Stöðuleiki grindarinnar getur breyst ef þungar töskur eða hlutir er settir á hana.  
Athugið burðargetu grindarinnar: Stærð 1 - 25 kg, stærð 2 - 40 kg, stærð 3 - 55 kg
- Varist klemmuhættu, sérstaklega þegar grindin er sett saman eða sætið niður.
- Ekki hækka handföngin hærra en leyfilegt hámark er, herðið spennuhandfang vel.  
Athugið dýptína á handföngunum eftir að hæðinni hefur verið breytt.
- Yfirsarið bremsur og dekk reglulega og skiptið út því sem er orðið slitið.
- Við flutninga, passið að setja ekki þunga hluti á grindina.

Stillið handfangið í rétta hæð og lokið spennuhandfanginu (mynd 7). Þegar spennuhandfangið er opið er hægt að stilla stífliekann á handfanginu með því að snúa rónni á móti handfanginu (mynd 8). Þegar búið er að herða, athugið hvort stillingin haldi ekki þó þrýst sé niður á handfangið með eðlilegu afli. Ef handfangið sígur þarf að herða spennuhandfangið betur.



⑦



⑧

Að lokum stillið dýptina á handfanginu báðum megin og herðið skrúfuna með sexkanti (sjá mynd 9)

Stilla þarf dýptina þannig að endinn á handfanginu nái aldrei útfyrir snúningshjólin.


Sjá töflu og mynd

| Minnsta lengd á A           | Nurmí Neo 1 | Nurmí Neo 2 | Nurmí Neo 3 |
|-----------------------------|-------------|-------------|-------------|
| Með standard handfangi      | 11 cm.      | 15 cm.      | 19 cm.      |
| Með framhandleggs stuðningi | 18 cm.      | 20 cm.      | 22 cm.      |

Best er að mæla þetta með því að setja grindina upp að hurð eða vegg og láta snúningshjólin snúa til hliðar (sjá mynd 10)




⑨



⑩

Börnum hættir til að detta asturábak þess vegna er Nurmí Neo með "asturábak" læsingu (sjá mynd 19). Það er hægt að taka þessa læsingu af með því að þrýsta á og snúa upp læsingunni. Þá er hægt að hreyfa grindina afturábak og áfram. (sjá mynd 20)



Grindin lögð saman.

Losið stóru gulu skrúfuna báðum megin (mynd 21), þá er hægt að leggja grindina saman. Best er að taka í handföngin og lyfta grindinni yfir á snúningshjólin (mynd 22). Gott er að herða aftur á gulu skrúfunni þegar grindin er samanlögð til að hún falli ekki út.

